



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. Bjarna Benediktssonar
fjármála- og efnahagsráðherra
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2023

2302016SA KB
Málalýkill: 15.32

Efni: Orkumannvirki

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 30. mars 2023 kynntu fulltrúar Samtaka orkusveitarfélaga bókun samtakanna frá 17. febrúar 2023, sem send var m.a. til fjármála- og efnahagsráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Stjórn sambandsins samþykkti eftirfarandi bókun samhljóða:

„Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 er áhersla lögð á mikilvægi sjálfstæðra tekjustofna sveitarfélaga og að þeir verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra. Tekjustofnarnir skulu vera fjölbreyttir og standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir, hvort sem hún er lögskyld eða lögheimil. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns.

Ljóst er að málflutningur Samtaka orkusveitarfélaga styður við þessi markmið sambandsins. Mikilvægt er að ríkisvaldið bregðist við þessu ákalli sem allra fyrst og sýni í verki vilja til að auka og breikka tekjur allra sveitarfélaga á sanngjarnan hátt til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samrit: Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra.